

Primex ehf.
Óskarsgötu 7
580 Siglufjörður

Akureyri, 15. febrúar 2021
UST202003-036/S.K.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. janúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna þeirra frávíka er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í Primex ehf. Siglufirði þann 9. desember 2020. Þann 15. febrúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.9 í starfsleyfi.** Sýrustig má fara 5% af rekstartíma yfir pH gildið 10. Í þeim gögnum sem borist hafa stofnuninni er ekki hægt að ákvarða hvort rekstraraðili er undir eða yfir þeim mörkum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður náð í gögn úr sírita til að hægt verði að reikna út hlutfall mæligilda sem fer yfir 10 pH á rekstartíma í hverjum mánuði, gögnum fyrir tímabilið 12.2.2021 til 12.2021 verður skilað inn þann 15.3.2021.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur